

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Akureyrar, Öngulsstaðahrepps og Svalbarðsstrandahrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest breyting á aðalskipulagi Akureyrar, Öngulsstaða- og Svalbarðsstrandahrepps að því er snertir legu Norðurlandsvegur frá Akureyri að Hallandsnesi. Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Akureyrar og hreppsnefndum Öngulsstaðahrepps og Svalbarðsstrandahrepps í desember 1976 og Skipulagsstjórn ríkisins 4. maí 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 26. maí 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

3. maí 1977.

Nr. 217.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarfélagið Dýraspítali Watsons, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. maí 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarfélagið Dýraspítali Watsons.

1. gr.

Heiti félagsins er Dýraspítali Watsons.

2. gr.

Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að efla og auka áhuga almennings á dýrum og dýravernd.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið m. a. ná með starfrækslu dýraspítala þess, sem breski íslandsvinurinn Mark Watson gaf eftirfarandi aðilum með gjafabréfi, dags. 11. febrúar 1974, og stækka hann eftir því, sem þurfa þykir og samþykkt verður skv. 11. gr.: Reykjavíkurborg, Samtökum sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi, Dýraverndunarfélagi Reykjavíkur, Hundavinafélagi Íslands, Hestamannafélaginu Fákí, Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands.

Dýraspítalinn er eign félagsins.

5. gr.

Ofangreindir stofnendur þessa félags skulu hver um sig skipa tvo menn í félagið til eins árs í senn.

6. gr.

Félagið er sjálfseignarstofnun.